

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2021


Efni: Athugasemdir í tilefni af tillögu að breyttu starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir 9.800 tonna ársframleiðslu á laxi í Berufirði

Vísað er til tillögu að breytingum á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir 9.800 tonna ársframleiðslu á laxi í Berufirði sem auglýst var opinberlega 31. maí sl. Eftirfarandi athugasemdum af hálfu Laxinn lifi er hér með komið á framfæri við Umhverfisstofnun af þessu tilefni.

Auglýstar breytingar gera ráð fyrir því að hvíldartími hvers eldissvæðis um sig styttest úr 9 mánuðum í 90 daga. Að mati Laxinn lifi er um verulegt frávík frá fyrirliggjandi mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar að ræða sem ekki er tekin nægileg afstaða til í matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar. Að þessu leyti hefur ekki verið lagður fullnægjandi grundvöllur að breytingunni enda liggja fullnægjandi upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif hennar ekki fyrir hjá Umhverfisstofnun, hvorki í því mati sem unnið hefur verið á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar né í þeim gögnum sem aflað hefur verið síðar.

Í matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar er m.a. vísað til burðarþolsmats Hafrannsóknarstofnunar. Af því tilefni skal áréttað að burðarþolsmat samkvæmt lögum nr. 71/2008 kann að falla undir gildissvið ákvæða laga nr. 105/2006. Fyrir liggur að umrætt mat hefur ekki sætt málsmeðferð samkvæmt þeim lögum. Einnig að þessu leyti verður ekki séð að lagður hafi verið fullnægjandi grunnur að auglýstum breytingum á starfsleyfinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Laxinn lifi,



Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir lögfræðingur
f.h. Flóka Ásgeirssonar lögmanns